

Samstarf háskóla

Reglur um úthlutun háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fyrir árin 2022 til 2024.

1. gr.

Tilgangur.

Úthlutunarreglur þessar eru settar á grundvelli 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 og reglugerðar um styrkveitingar ráðherra, nr. 642/2018, og er ætlað að tryggja að gætt sé jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða við úthlutun og umsýslu framlaga og styrkja til einstakra verkefna á grundvelli fjárheimilda innan málefna sviða og málaflokka ráðuneytisins.

2. gr.

Matshópur

Ráðherra skipar þriggja manna matshóp til eins árs í senn, þar af skal einn skipaður formaður. Matshópurinn hefur það hlutverk að meta umsóknir í samræmi við 6. gr. reglnanna og áherslur stjórnvalda og gera tillögur til ráðherra um veitingu styrkja. Hafa skal hliðsjón af stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, við mat á umsóknum og úthlutun styrkja.

3. gr.

Auglýsing.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki á vef ráðuneytisins. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, hvar og hvernig skuli sækja um, auk upplýsinga um umsóknarfrest.

4. gr.

Framkvæmd.

Umsókn skal skilað rafrænt í gegnum vef ráðuneytisins á þar til gerðu umsóknarformi.

Umsókn skal innihalda eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

1. Upplýsingar um umsækjanda og samstarfsaðila.
2. Nafn verkefnisstjóra sem annast samskipti við ráðuneytið.

3. Þann áherslupátt sem sótt er um styrk til, af þeim sem koma fram í auglýsingu og umsóknaformi.
4. Ítarleg lýsing á verkefni, þeirri áskorun sem háskólar standa frammi fyrir og gildi þess samstarfs sem stefnt er að.
5. Lýsing á nýnæmi verkefnis.
6. Lýsing á væntum ávinningi af verkefninu og lýsing á því hvernig hann verður metinn.
7. Tíma-, verk- og kostnaðaráætlun. Miðað er við að tímabil styrkveitinga sé að hámarki tvö ár frá undirritun samnings.
8. Áætlun um fjármögnun þar sem m.a. koma fram upplýsingar um fjármögnun umsækjanda og samstarfsaðila við verkefnið. Mótframlag frá umsækjanda og samstarfsaðila/aðilum þarf að vera að lágmarki 20% af heildarkostnaði, þ.m.t. er stjórnunarkostnaður.
9. Staðfest gögn frá rektor viðkomandi samstarfsháskóla um þátttöku í verkefni.

5. gr.

Hæfi umsækjenda.

Styrkir úr Samstarfi háskóla eru veittir til sameiginlegra verkefna/samstarfsverkefna háskóla. Umsækjandi þarf að vera háskóli á Íslandi með að lágmarki einn annan íslenskan háskóla sem samstarfsaðila. Samstarfsaðilar geta verið fleiri og þurfa þeir ekki að vera háskólar.

6. gr.

Viðmið við val á umsóknum.

Við mat á umsóknum um styrk til einstakra verkefna skal líta til eftirfarandi viðmiða eins og við á hverju sinni:

- Uppfyllir umsóknin það að tveir eða fleiri íslenskir háskólar séu í samstarfi um verkefnið?
- Hvernig umsóknin fellur að þeim áherslupáttum sem koma fram í auglýsingu sem áhersluatriði háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins fyrir Samstarf háskóla og koma einnig fram í umsóknarformi?
- Kemur skýrt fram hver er áskorunin sem umsækjandi og samstarfsaðilar standa frammi fyrir?
- Kemur skýrt fram hver væntur ávinningur er af verkefninu til skemmri og lengri tíma?

- Horft er til ávinnings á breiðum grunni, t.d. á gæði þjónustu, menntunar og rannsókna, fjárhagslegan ávinning, fjárhagslega sjálfbærni og gætt sé að byggða-, kynja- og jafnréttissjónarmiðum.
- Koma fram skilgreiningar á mælikvörðum og kemur skýrt fram hvernig meta má ávinning verkefnisins?
- Kemur nýnæmi verkefnisins fram?
 - Hverju bætir verkefnið við núverandi stöðu? Verkefnin geta verið alveg ný eða framþróun á fyrirliggjandi þekkingu t.d. með yfirfærslu frá einum háskóla til annars.
- Er verk- og fjárhagsáætlun skýr? Er hún vel sundurliðuð og tímasett?
 - Miðað er við að verkefni verði lokið innan 24 mánaða frá undirritun.
- Er umfang verkefnis í samræmi við áætlaðan kostnað og full fjármagnað?
 - Kemur skýrt fram hvert er mótframlag umsækjenda og samstarfsaðila? Það getur t.d. verið í formi eigin fjármögnunar, vinnuframlags eða aðgengi að tækjum og búnaði.

Til viðbótar við framangreind viðmið getur ráðherra ákveðið að setja frekari og sértæk viðmið um úthlutun framlags eða styrks til verkefnis. Skal tilgreina slík sértæk viðmið í auglýsingu um úthlutun. Ráðherra getur úthlutað annarri styrkupp hæð en óskað er eftir í umsókn og lagt til breytingar á verk- og tímaáætlun verkefna.

7. gr.

Almennir úthlutunarskilmálar.

Ráðherra ákveður hvaða verkefni eru styrkt og styrkurinn getur verið lægri en sú upphæð sem óskað er eftir í umsókn verkefnis. Með því að þiggja framlag eða styrk til tiltekins verkefnis lýsir styrkþegi því yfir að hann ábyrgist að framlaginu eða styrknum verði einungis varið til þess tiltekna verkefnis. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila greinargerð og fjárhagsuppgjöri um verkefnið og hlíta öðrum skilmálum ráðuneytisins. Þá skal taka fram í kynningarefni að háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið hafi veitt styrk til verkefnisins.

Í samningi skal kveðið nánar á um framkvæmd og framgang verkefnis og að lágmarki kveða á um:

- Að styrkþega sé óheimilt að verja styrkfjárhæð til annarra þátta í starfsemi en þeirra sem kveðið er á um í samningi.

- Að styrkþegi skuli senda ráðuneyti greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör vegna þess innan 60 daga frá því verkefninu lýkur.
- Heimild ráðuneytisins til að kalla eftir frekari upplýsingum, gögnum, bókhaldsupplýsingum og öðru sem skiptir máli við eftirlit þess með framkvæmd styrksins hvenær sem er á samningstíma.
- Að styrkþega sé óheimilt að afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi í hendur þriðja aðila.
- Að styrkþega sé óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi til þriðja aðila eða setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.
- Vísa í reglur um opinber innkaup.
- Greiðslutilhögun.
 - Að styrkþega sé skylt að tilkynna tafarlaust ef upp koma aðstæður sem tefja framkvæmd verkefnis eða koma í veg fyrir að markmiðum eða skilyrðum fyrir styrkveitingu sé fullnægt.
- Gildistíma og úrlausn ágreiningsmála.
 - Að styrkur falli niður eftir ákveðinn tíma sé hans ekki vitjað. Ef styrkþegi brýtur með athöfnum eða athafnaleyfi gegn skilyrðum eða forsendum fyrir samningi um verkefnið getur það leitt til endurskoðunar á greiðslu eftirstöðva styrks eða skapað ráðuneytinu endurkröfurétt.

8. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með vísan til 5. gr. reglugerðar um styrkveitingar ráðherra, nr. 642/2018, sbr. 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, og taka þegar gildi.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, 4. nóvember 2022

Ásdís Halla Bragadóttir, ráðuneytisstjóri